

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar

„horft til framtíðar“

Hugmyndir um viðbyggingu við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hafa verið uppi á borðinu um all langt skeið. Hugmyndin hefur verið kynnt fræðsluráði og verið tekin til umfjöllunar á fundi skipulagsráðs, ennfremur var Sigríður arkitekt af skólanum fengin í heimsókn og ræddi hún við skólastjórnendur og var tilbúin í að leggjast í forvinnu að verkefninu. Hún lagði fram óformlega kostnaðaráætlun að vinnunni sem var á bilinu 1.5-2.5'millj. Vonast hafði verið til að leyfi hefði fengist sl. vor að hefja frumathugun en fræðsluráð hafnaði því og vísaði málinu frá með þeirri niðurstöðu að málið þyrfti að fara á fjárlög bæjarins. Nú enn og aftur sendum við þetta bréf með von um að málið rati inn á fjárlög 2020 þannig að frumathugun geti farið af stað. Nú liggur svo fyrir að skólinn hefur um 200 nemendur á biðlista foreldrar þeirra barna hafa margir hverjir hringt og list óánægju sinni hversu biðlistinn er langur og tími fyrir barn að hefja nám við skólann. Í byrjun þessa skólaárs hefur verið erfitt að koma kennurum fyrir vegna plássleysis. Tekið skal fram að hin nýja deild tónlistarskólans í Skarðshlíð er góð viðbót en leysir ekki vandann nema að litlu leyti, sem dæmi að nemandi sem býr í norðurbæ fer ekki að sækja nám í Skarðshlíðarskóla þó að pláss sé þar til staðar. Aðalstöðvar skólans í Strandgötu verða að sinna samt sem áður nemendum úr norður, vestur, mið og hluta suðurbæjar.

Eins og komið hefur fram í öðrum bréfum til þessara nefnda hefur verið áréttað að tónlistarskólinn þarf sinn eigin tónleikasal. Verkefni Hásala hafa verið að aukast ár frá ári og eru Hásalir oft ekki til taks þegar skólinn þarf á að halda og hefur það reynst kennurum og ekki síst nemendum erfitt.

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar verður 70 ára árið 2020 í kortunum er mikil dagskrá sem dreifist yfir árið auk þess sem áformað er að halda stórtónleika í mars í íþróttahúsi við Strandgötu þar sem þversnið af nemendum koma fram auk þess sem kennarar leika og syngja. Við það tækifæri óskum við öll eftir því að þar verði skrifað undir viljayfirlýsingu að hálfu bæjaryfirvalda um væntanlega byggingaráform Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Í meðfylgjandi bréfi eru tilgreindar ástæður fyrir því að kennarar og stjórnendur tónlistarskólans leggja mikla áherslu á að hafin verði sem fyrst vinna og undirbúningur að viðbyggingu við skólann.

Eiríkur Stephensen

Stefán Ómar Jakobsson

Nýbygging við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar við Strandgötu

helstu rök

- I. Auðveldari aðkoma nemenda að ólíkum tónlistarstílum.
- II. Sameiginleg liðsheild kennara eflist með meiri samvinnu nemenda og kennara.
- III. Skólinn hefði tónleikasal út af fyrir sig undir sinni umsjón sem myndi auka möguleika á frekara samspili nemenda og annari tónlistarlegri í nálgun.
- IV. Aðgengi fatlaða að sækja tónlistarnám á báðar hæðir leyst (ekki er aðgengi fyrir fatlaða í Tónkvísl)
- V. Leiga til Þjóðkirkjunnar á Hásölum myndi falla niður (2-3 millj. á ári).
- VI. Góður tónleikasalur til annara afnota s.s. ráðstefnur, fyrirlestra, námskeiðshald, myndlistasýninga forstöðumenn í Hafnarborg hafa sýnt þessu máli áhuga.
- VII. Betri nýting á hljóðfærum þó sérstaklega slagverkshljóðfærum.
- VIII. Öll samskipti um faglega nálgun tónlistarnáms hjá kennurum yrði meiri og nánari og er orðin hávær krafa frá kennurum skólans.
- IX. Rytísk og klassísk stefna væru nær hverri annari og myndu styðja við hverja aðra.
- X. Biðlisti skólans haust 2019 telur 200 nemendur.


- XI. Skólinn hefur ekki fleiri stofur til umráða (er fyrir löngu sprunginn fyrir þjónustu nemenda úr norður, mið og suðurbæ)
- XII. Bilið milli klassískrar og rytískrar tónlistar myndi hverfa.
- XIII. Við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru þessi misserin að koma ungir starfsmenn til starfa með mikinn áhuga, mikla menntun á breiðum tónlistargrunni. Til þess að þeir geti nýst sem best fyrir nemendur þurfa deildirnar að vera nær hverri annari. Það þýðir betri og skilvirkari þjónusta við nemendur í tónlistarnámi við skólann ánægðari nemendur og foreldrar.
- XIV. Í alla staði betri Hafnarfjörður.

Hlutfall tónlistarnema m.v. íbúafjölda sveitarfélaga

skólaárið 2018 - 2019

	nemendafjöldi	íbúafjöldi	hlutfall
Hafnarfjörður	460	29.412	1,6%
Garðabær	495	15.709	3,2%
Kópavogur	693	35.970	1,9%
Seltjarnanes	192	4.575	4,2%
Reykjanesbær	397	17.805	2,2%
Akureyri	390	17.787	2,2%
Mosfellsbær	267	10.556	2,5%

Hlutfall m.v. íbúafjölda	
Hafnarfjörður	1,6%
Garðabær	3,2%
Kópavogur	1,9%
Seltjarnanes	4,2%
Reykjanesbær	2,2%
Akureyri	2,2%
Mosfellsbær	2,5%



Hlutfall tónlistarnema m.v. Íbúafjölda sveitarfélaga

skólaárið 2018 - 2019

	nemendafjöldi	íbúafjöldi	hlutfall
Hafnarfjörður	460	29.412	1,6%
Garðabær	495	15.709	3,2%
Kópavogur	913	35.970	2,5%
Seltjarnanes	192	4.575	4,2%
Reykjanesbær	397	17.805	2,2%
Akureyri	390	17.787	2,2%
Mosfellsbær	267	10.556	2,5%

Hlutfall m.v. Íbúafjölda	
Hafnarfjörður	1,6%
Garðabær	3,2%
Kópavogur	2,5%
Seltjarnanes	4,2%
Reykjanesbær	2,2%
Akureyri	2,2%
Mosfellsbær	2,5%

